

HÚSAFELL RESORT

Framkvæmdastjóri

Húsafell Resort leitar að öflugum og reyndum leiðtoga til að stýra fyrirtækinu.

Undir Húsafell Resort heyrir Hótel Húsafell ehf. og Húsafell Giljaböð ehf. sem rekur afþreyingar-miðstöð, tjaldsvæði, sundlaug, náttúruböð, verslun og veitingarekstur. Á síðustu árum hefur verið fjárfest í uppbyggingu svæðisins og mun sú uppbygging halda áfram og er framkvæmdastjóri einn af lykilaðilum í þeirri uppbyggingu.

Starfssvið

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri hótelsins og annarri starfsemi samstæðunnar.
- Stefnumótun og breytingastjórnun.
- Áætlanagerð, tekjustýring og kostnaðareftirlit.
- Mannauðsstjórnun.
- Samskipti við hagaðila.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla.
- Kraftur til að hrinda verkefnum í framkvæmd.
- Leiðtogahæfileikar, jákvætt viðmót, frumkvæði og metnaður.
- Þekking á markaðs- og sölumálum er kostur.
- Stefnumótandi hugsun.
- Góð tungumálakunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með starfinu hafa
Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is)
og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is)
hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Teymisstjóri landupplýsinga



Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi.

Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Nánari upplýsingar má finna á www.skipulag.is

Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða.

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða teymisstjóra landupplýsinga til að vinna að og leiða fjölbreytt verkefni við vinnslu, greiningu og miðlun skipulags og umhverfismats í vefsjám og landupplýsingakerfum.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni og getu til að leysa verk á eigin spýtur og í samstarfi við aðra.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á þróun og rekstri landfræðilegra gagnasafna, miðlun upplýsinga og rekstri vefgátta.
- Ábyrgð á gerð uppdrátta og landfræðilegra upplýsinga.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð og skipulagningu verkefna.
- Samstarf við utanaðkomandi aðila á sviði landupplýsinga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Hæfni til að hagnýta þekkingu og reynslu í ólíkum verkefnum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 19. október 2020.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

Umsjón með starfinu hefur
Auður Bjarnadóttir hjá Vinnvinn,
audur@vinnvinn.is

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Deildarstjóri netreksturs - Norðurland



RARIK óskar eftir að ráða deildarstjóra netreksturs á rekstrarsviði með aðsetur á **Akureyri**. Meginverkefni rekstrarsviðs eru hönnun, nýframkvæmdir, breytingar, viðhald og rekstur dreifikerfisins.

■ Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á rekstri dreifikerfis á Norðurlandi
- Hönnun dreifikerfa
- Áætlanagerð, kostnaðareftirlit og frávika-greining verka
- Þátttaka í svæðisvakt
- Stjórnunarleg ábyrgð starfsmanna og samskipti við verktaka og aðra viðskiptavini

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstækniþræði
- Reynsla af rekstri raforkukerfis er æskileg
- Reynsla af stjórnun
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu og tungumálakunnátta

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK hefur á undanförunum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 65% þess er jarðstrengir.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is**

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna annast klínísku hluta erfðafræðirannsókna Íslenskrar erfðagreiningar.

Meðal rannsókna má nefna Heilsurannsókn ÍE (www.heilsurannsokn.is) og rannsókn á langvinnum afleiðingum COVID-19.

læknir óskast

Starfslýsing

Læknirinn mun gegna mikilvægu hlutverki við umsjón klínískra prófa í þeim rannsóknum sem eru í gangi hverju sinni. Úrlestur úr hjartalínuritum og öndunarmælingum, framkvæmd áreynsluprófa og samskipti við þátttakendur er með meðal þess sem læknirinn mun fást við.

Hæfniskröfur

- Víðtæk þekking og reynsla í almennum lækningum
- Íslenskt lækningaleyfi
- Góð íslenskukunnátta
- Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð samskiptahæfni

Umsóknir óskast sendar ásamt starfsferilskrá á netfangið atvinna@rannsokn.is fyrir 26. október 2020

Frekari upplýsingar veitir: Eva Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar rannsóknaverkefna í síma 520 2800



Við erum að efla söluteymið

Hafðu hraðar hendur því
umsóknarfresturinn er
aðeins 48 klukkustundir.
Þú þarft að geta byrjað strax.


vis.is/storf



MEN&MICE

Customer Success Manager

We think the world of our customers



You could be building relationships with Fortune 100 companies on a daily basis.

Do you enjoy helping people? Are you passionate about technology and innovation?
Ready to build relationships with Fortune 100 enterprises? Then come and work with us.

We are looking for a professional with a growth mindset to join our Customer Success team.
You will be responsible for keeping our customers happy, listening to their needs,
and driving their success with Men&Mice.

Responsibilities:

- On-boarding of new customers
- Project management in large scale deployment projects
- Customer relationship management for certain key accounts
- Making sure our customers are getting the most out of our product and services
- Reporting on key metrics defined within Customer Success
- Strategic planning for Customer Success initiatives

Requirements:

- Exceptional professional communication skills
- Data-driven and business-oriented mindset, focused on results
- Experience in Project Management
- Experience in account/customer success management is a plus
- At least 3 years experience in the tech industry is a plus
- Can-do attitude
- Fluency in English
- University degree that is applicable to this assignment

We offer:

- Opportunity to work with Fortune 100 companies including Microsoft, Intel, FedEx, and AT&T
- Strong product with a global presence
- International and high-performing work environment
- Flexible and dynamic work environment
- Competitive salary
- Based in Men&Mice headquarters in Kopavogur, Iceland

How to apply

Applications should be completed at www.intellecta.is.
Please attach a CV with an introduction letter.

The closing date for applications is October 21, 2020.
Further information can be provided by Torfi Markússon
(torfi@intellecta.is) and Hafdís Ósk Pétursdóttir
(hafdis@intellecta.is) at Intellecta, tel + 354 511 1225.

All applications are strictly confidential and will be answered.

About Men&Mice

We see ourselves as leaders in sustainable networking through enabling enterprises to stay efficient, connected and secure with our world-class overlay solution. We believe in constant innovation, exceeding our customers' expectations and investing in our people, products and services. Our mission is to develop technologies and innovations that help our customers stay in control of their networks. We make our customers' lives simple.

Men&Mice is continuously recognized for its innovation and reliability: Microsoft Partner Award in 2019, with the Men&Mice solution as the only 'Microsoft-preferred' DDI solution on the Azure Marketplace. The company has received prestigious awards from Creditinfo multiple years running and was named "Most Innovative Company" in 2019.



RAFMAGNAÐ STARF

Við leitum að fjölhæfu og framúrskarandi samstarfsfólki á vinnustaðinn okkar.

Rafvirki/rafveituvirki

Um er að ræða fjölbreytt starf við að tryggja örugga afhendingu raforku á Íslandi. Starfsvettvangur er um allt land og starfsstöðvarnar eru á **Akureyri** og **Egilsstöðum**.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Rekstur og viðhald á rafbúnaði í tengivirkjum (há- og lágspennubúnaði)
- Þátttaka í framkvæmdaverkefnum við endurnýjun og nýbyggingar flutningsvirkja
- Undirbúningur og frágangur verkefna á starfsstöð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í rafvirkjun eða rafveituvirkjun
- Reynsla af vinnu við háspennu æskileg
- Sterk öryggisvitund
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og rík ábyrgðarkennd

Umsóknarfrestur er til 25. október 2020. Sótt er um starfið á **landsnet.is**. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Kári Júlíusson, mannauðssérfræðingur, **mannaudur@landsnet.is**.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET

Hugsar þú í lausnum?

Vegna nýrra verkefna og aukinna umsvifa leitum við að metnaðarfullum einstaklingum í hóp starfsmanna hjá félagi í mikilli þróun með sterka sögu. Ef nákvæm vinnubrögð og góð eftirfylgni eiga við um þig þá hlökkum við til að heyra frá þér.

Þjónustustjóri

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af viðskiptastýringu, getur haldið kynningar og kann listina við að skapa traust og þróa viðskiptasambönd.

Starfssvið:

- Tengslamyndun og náð samstarf með viðskiptavinum þar sem þjónustustjóri er aðaltengiliður Opinna Kerfa
- Sala og innleiðing á vörum og þjónustum ásamt samningagerð við viðskiptavini
- Utanumhald um verkefni, samskipti, og reikningamál
- Útboðs- og tilboðsgerð

Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í upplýsingatækni eða viðskiptastjórnun á fyrirtækjamarkaði skilyrði
- Þekking á hýsingar- og rekstrarlausnum mikill kostur
- Miklir skipulagshæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, drifkraftur og gott þjónustuviðmót

Enterprise Consultant (Reynslumikill ráðgjafi í upplýsingatækni)

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af ráðgjöf, uppsetningu tölvukerfa og rekstri þeirra. Skilur stefnu og strauma í upplýsingatækni og hefur ástríðu fyrir að leiðbeina viðskiptavinum inn á spennandi brautir. Getur haldið kynningar á skýjalausnum, rekstri tölvukerfa og miðlægum búnaði.

Starfssvið:

- Ráðgjöf til viðskiptavina um val og innleiðingu miðlægra lausna
- Sala á vörum og þjónustum Opinna Kerfa
- Útboðs- og tilboðsgerð

Hæfniskröfur:

- Áralöng reynsla af störfum í upplýsingatækni eða kerfisstjórnun skilyrði
- Þekking á miðlægum rekstri í upplýsingatækni skilyrði
- Miklir skipulagshæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, drifkraftur og gott þjónustuviðmót

Sölufulltrúi

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af sölustörfum, brennandi áhuga á upplýsingatækni og á auðvelt með samskipti við viðskiptavini, hvort sem er í síma eða í eigin persónu.

Starfssvið:

- Sala á vörum og lausnum í gegnum síma og samskiptaforrit
- Tilboðsgerð til viðskiptavina
- Utanumhald viðskiptasambanda, samskipti, og reikningamál
- Útboðs- og tilboðsgerð

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum í upplýsingatækni eða viðskiptastjórnun á fyrirtækjamarkaði kostur
- Þekking á tölvubúnaði og rekstrarlausnum mikill kostur
- Miklir skipulagshæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, drifkraftur og gott þjónustuviðmót

Einungis er tekið á móti umsóknum á opinkerfi.alfred.is og er farið með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað og er umsóknarfrestur til 30. október. Nánari upplýsingar veita Ólafur Örn Nielsen, aðstoðarforstjóri, í 865-4520 / on@ok.is eða Reynir Stefánsson, framkvæmdastjóri vöru- og hugbúnaðarsviðs í 664-3070 / reynir@ok.is.

Opin Kerfi

Öruggur samstarfsaðili í hýsingu og rekstri tölvukerfa

METNAÐUR OG BJARTSÝNI AÐ LEIÐARLJÓSI

STAFRÆNN LEIÐTOGI

LSR leitar að öflugum leiðtoga til að leiða nýtt svið sjóðsins, **Stafræn þróun og rekstur**. Stafrænn leiðtogi ber ábyrgð á innleiðingu stafrænna lausna í starfsemi sjóðsins, allri innri þjónustu og innheimtu iðgjalda. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi sjóðsins og mun vinna þvert á önnur svið.

Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni

- Daglegur rekstur sviðsins
- Móta markmið, áherslur og forgangsröðun verkefna í stafrænni vegferð í samvinnu við önnur svið
- Ábyrgð á að þróa og innleiða sjálfvirkar lausnir í samvinnu við önnur svið og ytri aðila
- Ábyrgð á innri þjónustu sjóðsins og öðrum almennum rekstri

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi framhaldsmenntun á háskólastigi, s.s. tölvunarfræði eða verkfræði
- Viðtæk þekking og reynsla af upplýsingatækni, verkefnastjórnun og innleiðingu stafrænna lausna
- Haldgóð stjórnunarreynsla með mannaforráð
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfileikar, metnaður og heilindi
- Brennandi áhugi á stafrænni þróun og rekstri
- Hæfni til að miðla efni til starfsmanna og ytri aðila
- Metnaður til að ná árangri og hæfni til að tileinka sér nýjungar og breytingar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

SAMSKIPTAFULLTRÚI

LSR leitar að metnaðarfullum samskiptafulltrúa með mikla reynslu í textagerð og framsetningu upplýsinga á hnitmiðaðan og notendavænan hátt. Viðkomandi mun starfa á sviði stafrænnar þróunar og rekstrar og vinna þvert á önnur svið sjóðsins. Starfið er liður í stafrænni vegferð sjóðsins og aukinni þjónustu við sjóðfélaga og aðra viðskiptavini.

Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni

- Meta og greina þarfir fyrir upplýsingar og fræðslu
- Þátttaka í innleiðingu lausna til að mæta þörfum sjóðfélaga og annarra viðskiptavina
- Tryggja að framsetning efnis á vefsvæði og kynningarefni sé sett fram á notendavænan hátt
- Ráðgjöf til framkvæmdastjóra um samskipti við ytri aðila, s.s. fjölmiðla og aðra hlutaðeigandi aðila
- Umsjón með textaskrifum á vefsvæði, í fræðsluefni og öðru útgefnu efni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð enskukunnátta
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfileikar, metnaður og heilindi
- Hæfni til að miðla efni til starfsmanna og ytri aðila
- Haldgóð reynsla af textaskrifum
- Reynsla af almannatengslum eða fjölmiðlum er kostur
- Haldbær þekking á upplýsingatækni
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi
- Góð greiningarhæfni

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, katrin@hagvangur.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

LSR er stærsti og elsti lífeyrissjóður landsins. Við erum hópur fólks sem hefur það mikla reynslu og þekkingu að við vitum að það þarf brennandi áhuga og metnað til að stýra öflugum lífeyrissjóði í örum breytingum nútímans og til framtíðar.





FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNAUÐSMÁLA

Landspítali auglýsir eftir framkvæmdastjóra mannauðsmála til að leiða öfluga uppbyggingu og sókn næstu ára, í samræmi við skipurit spítalans. Framkvæmdastjóri mannauðsmála stýrir skrifstofu mannauðsmála á Landspítala, sem skiptist í þrjár deildir með um 50 starfsmenn. Hann heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn spítalans, sem mótar stefnu og stýrir spítalanum.

Leitað er að kraftmiklum og reyndum stjórnanda sem hefur brennandi áhuga á að vinna með forstjóra að því að byggja upp sterka liðsheild og að framfylgja stefnu, markmiðasetningu og framtíðarsýn spítalans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumörkun, markmiðasetning og áætlanagerð mannauðsmála
- Yfirumsjón með kjaramálum, ráðningum, starfsþróun og fræðslustarfi
- Yfirumsjón með heilsuvernd starfsmanna og starfsumhverfi
- Umbótaverkefni tengd vinnustaðamenningu, starfsanda og innri samskiptum
- Ráðgjöf til stjórnenda í mannauðstengdum málum
- Samskipti við stéttarfélög og samstarfsnefndir
- Samhæfing á starfsemi og þjónustu mannauðsmála við aðra starfsemi spítalans
- Uppbygging mannauðs og liðsheildar á skrifstofu mannauðsmála
- Ábyrgð á rekstri og fjármálum skrifstofu mannauðsmála

Hæfnikröfur

- Brennandi áhugi á uppbyggingu Landspítala og innleiðingu stefnu spítalans
- Mikil og farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Djúp fagleg þekking á mannauðsstjórnun
- Jákvætt lífsviðhorf, lausnamiðuð nálgun og afburða leiðtogaþæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og viðmót, jafnt gagnvart samstarfsfólki sem ytri aðilum
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun
- Hæfni til að móta jákvætt vinnuumhverfi og góða liðsheild
- Mikil og farsæl reynsla af umbótastarfi, teymisvinnu og breytingastjórnun
- Mikil hæfni í tjáningu í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Háskólapróf auk viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi er skilyrði

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Gert er ráð fyrir að ráðning framkvæmdastjóra taki gildi **1. desember 2020** og er hún ótímabundin í samræmi 41. gr. laga um opinbera starfsmenn (nr. 70/1996), að loknum reynslutíma. Mat á umsóknum verður í höndum valnefndar þar sem forstjóri Landspítala tekur virkan þátt. Forstjóri tekur ákvörðun um ráðningu í störf.

Umsækjendur eru beðnir að skila ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi er innihaldi framtíðarsýn umsækjanda fyrir skrifstofu mannauðsmála og rökstuðning fyrir hæfni til að gegna stöðunni. Hægt verður að sækja um starfið á í gegnum heimasíðu Landspítala eða www.starfatorg.is frá og með 14. október.

Starfshlutfall er 100% og umsóknarfrestur rennur út 2. nóvember 2020.

Nánari upplýsingar: Páll Matthíasson, pallmatt@landspitali.is, 543 1000 og Anna Sigrún Baldursdóttir, annasb@landspitali.is, 543 1154.



Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með um 6.000 starfsmenn. Spítalinn hefur viðtæku hlutverki að gegna sem þjóðarsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús, og veitir bæði almenna og sérhæfða þjónustu, auk þess að vera miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, þjónusta, mannauður og stöðugar umbætur.

vinnvinn

Framkvæmdastjóri fagsölusviðs Húsasmiðjunnar

Við leitum að leiðtoga í krefjandi starf í lifandi og
alþjóðlegu umhverfi. Hann þarf að búa yfir metnaði til
að ná árangri, vera söludrifinn og hafa jákvætt viðhorf.



Helstu verkefni

- Stýra og leiða sölustarf Húsasmiðjunnar til fagaðila svo sem byggingaverktaka, fyrirtækja, fagmanna og opinberra aðila.
- Viðhalda og leiða góð viðskiptatengsl við helstu viðskiptavinina fagsölusviðs.
- Stýra tilboðsgerð, halda utan um sérverkefni og samningagerð.
- Þátttaka í framkvæmdastjórn og stefnumótun fyrirtækisins.

Hæfniskröfur / Æskilegir eiginleikar

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að leiða fólk til árangurs og vinna undir álagi.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. viðskiptamenntun, verk- eða tæknifræði eða mikil reynsla og þekking á byggingavörumarkaði.
- Reynsla af sölustörfum og stjórnunarreynsla er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg s.s. þekking á Office forritum og reynsla af notkun Dynamics 365 CRM er kostur.
- Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.

Húsasmiðjan er í hópi stærstu verslunar- og þjónustufyrirtækja landsins, rekur 16 verslanir um land allt og starfsmenn eru um 500. Húsasmiðjan er hluti af Bygma Gruppen A/S. Bygma rekur fjölmargar byggingavöruverslanir í Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum og á Grænlandi ásamt heildsölufyrirtækjum á byggingavörumarkaði.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2020.

Hjá Húsasmiðjunni er lifandi starfs-
umhverfi, öflug liðsheild og góður
starfsandi. Lögð er mikil áhersla á
símenntun og að starfsmenn fái
tækifæri til að eflast og þróast í starfi.

Gildin okkar eru:

Áreiðanleiki
Þjónustulund
Þekking



JAFNLAUNAVOTTUN
2019-2022



intellecta

Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)
eða Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511-1225.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf
þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.



REKSTRARSTJÓRI ORA

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum aðila í starf rekstrarstjóra ORA.

Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi. Leitað er að aðila með brennandi áhuga á innlendri framleiðslu matvæla og reynslu af stjórnun. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og faglegur, auk þess að búa yfir getu til að forgangsraða verkefnum og fylgja þeim eftir. Umfram allt, leitum við þó að aðila sem er tilbúinn að leggjast á árarnar með okkur í krefjandi umhverfi innlendrar framleiðslu, tekur upp símann frekar en að senda tölvupóst og er tilbúinn að fara í slopp af og til.

STARFSSVIÐ

- Umsjón og ábyrgð á daglegri starfsemi
- Umsjón og ábyrgð á framleiðslunni
- Umsjón og ábyrgð á starfsmannahaldi
- Umsjón og ábyrgð á birgðahaldi
- Umsjón og ábyrgð á öryggismálum
- Umsjón og ábyrgð á upplýsingakerfi
- Gerð framleiðsluáætlana
- Kostnaðarverðisútreikningar
- Þátttaka í starfi gæðadeildar
- Þátttaka í vöruþróunarstarfi
- Umsjón og ábyrgð á húsnæði, lóð og vélbúnaði
- Stuðla að jákvæðum starfsanda og starfsumhverfi

MENNTUNAR - OG HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af stjórnun er skilyrði
- Háskólapróf sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking á matvælaframleiðslu er kostur
- Skipulag og drifkraftur
- Góð almenn tölvufærni og góð kunnátta á Excel er skilyrði
- Góð samskiptafærni og reynsla af teymisvinnu
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Ákveðin og fagleg vinnubrögð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

ORA, sem er eitt elsta og rótgrónasta matvælafyrirtæki landsins, var stofnað 1952 og er nú hluti af ÍSAM. ORA framleiðir mikið úrval matvæla fyrir innlandan markað og einnig til útflutnings.

Umsóknarfrestur er til og með **19. október 2020** og skulu umsóknir berast rafrænt á heimasíðu **www.isam.is**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Nánari upplýsingar:
Elísabet Þóra Jóhannesdóttir, mannauðsstjóri
elisabet@isam.is eða í síma **522 2703**

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is

FJÁRMÁLASTJÓRI

ICE FISH FARM
★ FRESH FROM ICELAND ★

**Fiskeldi Austfjarða hf.
leitar að fjármálastjóra**

Félagið er skráð á Merkúr hlutabréfamarkaðinn í Noregi og er með yfir 500 hluthafa. Fjöldi starfsmanna er orðinn meira en 100 og félagið er með starfsstöðvar víða um land. Fjármálastjórinn verður með starfsstöð í Reykjavík.

Sótt er um starfið á LinkedIn-síðu Góðra samskipta.

Umsóknarfrestur er til og með
20. október 2020

Tækifæri fyrir öflugan einstakling sem vill vinna fyrir skráð félag í örum vexti í alþjóðlegu umhverfi. Viðkomandi mun vinna í mikilli nálægð við eigendur og öfluga fagfjárfesta þar sem fjölmargir möguleikar eru til frekari þróunar.

Menntunarkröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálastjórn
- Reynsla af uppgjörum samstæðu
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Norska er kostur.
- Reynsla af notkun Agressó er kostur
- Geta til að vinna í hóp, setja upp ferla og framfylgja þeim

Starfssvið:

- Verkstjórn daglegra verkefna fjármálasviðs
- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum
- Regluleg skýrslugerð
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar

VIÐ ÞEKKJUM FÓLK
godsamskipti.is/radningar



FRAMKVÆMDASTJÓRI INNVIÐAÐRÓUNAR

Landspítali auglýsir eftir framkvæmdastjóra innviðaðróunar til að leiða öfluga uppbyggingu og sókn næstu ára. Framtíðaruppbygging Landspítala við Hringbraut er stærsta verkefni í íslensku heilbrigðiskerfi frá upphafi. Þessi uppbygging og endurnýjun á innviðum Landspítala verður bylting í aðstöðu, þjónustu og öryggi fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk.

Leitað er að kraftmiklum og reyndum stjórnanda sem hefur brennandi áhuga á að vinna með forstjóra, öðrum stjórnendum Landspítala, Nýjum Landspítala ohf. (NLSH) og stjórnvöldum að þessu verkefni. Framkvæmdastjórinn heyrir beint undir forstjóra Landspítala.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að stýra aðkomu Landspítala að:
 - » hönnun og uppbyggingu meðferðarkjarna, rannsóknahúss og annarra tengdra bygginga í Landspítalaþorpinu við Hringbraut.
 - » tækjavæðingu og þróun upplýsingakerfa fyrir nýbyggingarnar.
 - » undirbúningi fyrir flutning starfseminnar, innleiðingu nýbygginga og samþættingu þeirra við eldri byggingar ásamt þróun flæðis og ferla.
- Heildaráætlun um nýtingu og framtíðarþróun húsnæðis og innviða Landspítala, við Hringbraut og víðar.
- Stefnumótun, markmiðasetningu, áætlanagerð og eftirfylgni í ofangreindum verkefnum.
- Ábyrgð á fjármálum og starfsmannamálum sem tengjast innviðaðróun og á samhæfingu hennar við önnur verkefni í þróun spítalans í heild.

Hæfnikröfur

- Brennandi áhugi á uppbyggingu Landspítala og innleiðingu á stefnu spítalans.
- Mikil og farsæl stjórnunar-, breytingastjórnunar- og rekstrarreynsla.
- Jákvætt lífsviðhorf, lausnamiðuð nálgun og framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar.
- Hæfni til að móta jákvætt vinnuumhverfi og góða liðsheid.
- Mikil hæfni í tjáningu í ræðu og riti, á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun.
- Háskólapróf auk viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi er skilyrði.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Gert er ráð fyrir að ráðning framkvæmdastjóra taki gildi **1. desember 2020** og er hún ótímabundin í samræmi 41. gr. laga um opinbera starfsmenn (nr. 70/1996), að loknum reynslutíma. Mat á umsóknum verður í höndum valnefndar þar sem forstjóri Landspítala tekur virkan þátt. Forstjóri tekur ákvörðun um ráðningu í störf.

Umsækjendur eru beðnir að skila ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi er innihaldi framtíðarsýn umsækjanda fyrir verkefnið og rökstuðning fyrir hæfni til að gegna stöðunni. Hægt verður að sækja um starfið á í gegnum heimasíðu Landspítala eða www.starfatorg.is frá og með 14. október.

Starfshlutfall er 100% og umsóknarfrestur rennur út 2. nóvember 2020.

Nánari upplýsingar: Páll Matthíasson, pallmatt@landspitali.is, 543 1000 og Anna Sigrún Baldursdóttir, annasb@landspitali.is, 543 1154.



Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með um 6.000 starfsmenn. Spítalinn hefur viðtæku hlutverki að gegna sem þjóðarsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús, og veitir bæði almenna og sérhæfða þjónustu, auk þess að vera miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðis-vísindum. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, þjónusta, mannauður og stöðugar umbætur.

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**





Markaðsstjóri

AGR Dynamics leitar að öflugum markaðsstjóra með reynslu af markaðssetningu hugbúnaðarlausna á alþjóðlega markaði. Við leitum að einstaklingi til að skilgreina og fylgja eftir markaðsáætlun félagsins til að styðja við vöxt inn á erlenda markaði.

Ábyrgðasvið

- Áframhaldandi uppbygging á vörumerki AGR á alþjóðlegum mörkuðum
- Gerð markaðsáætlunar og eftirfylgni hennar með erlendum starfsstöðvum
- Umsjón með stafrænni markaðssetningu á vefsíðu, samfélagsmiðlum og vefgáttum endursöluaðila
- Þjónusta og samskipti við erlendar starfsstöðvar varðandi sölu- og markaðsmál
- Samskipti við þjónustuaðila á sviði hönnunar, textagerðar, ráðstefna og stafrænnar markaðssetningar
- Útgáfa kynningarefnis svo sem viðskiptavinasögur, bæklingar, video-myndefni og vörulýsingar

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðssetningu í alþjóðlegu umhverfi
- Þekking og haldbær reynsla af stafrænni markaðssetningu á alþjóðlegum markaði
- Gott vald og þekking til að skrifa faglegan texta á ensku
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsækjendur skulu senda upplýsingar um menntun og starfsreynslu á job@agrdynamics.is fyrir 19. október. Nánari upplýsingar veitir Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri í síma 512-1000. Fullum trúnaði heitið.

AGR Dynamics er íslenskt hugbúnaðarfyrtæki sem hefur frá stofnun, árið 1997, þróað eigin lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Á skrifstofum okkar á Íslandi, Bretlandi, Danmörku og Kanada starfa 70 manns sem þjónusta alþjóðlegan hóp viðskiptavina.

AGR Dynamics - Smáratorg 3 - 200 Kópavogur - s: 512 1000 - www.agrdynamics.is



Teymisstjórar hjá félagsþjónustu

Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum til að taka þátt í mikilvægum félagsþjónustuverkefnum og í umbóta- og þróunarverkefnum á fjölskyldusviði Árborgar. Í sveitarfélaginu, þar sem búa rúmlega 10 þúsund manns, er lögð áhersla á þverfaglegt samstarf og framsækið starf í velferðar-, frístunda- og skólaþjónustu. Fjölskyldusvið sinnir fjölbreyttri þverfaglegri þjónustu við íbúa Árborgar með snemmtækan stuðning að leiðarljósi.

Um er að ræða tvær nýjar teymisstjórastöður, annars vegar til að leiða barnaverndarstarf og hins vegar til að leiða ráðgjafarstarf félagsþjónustu í samvinnu við deildarstjóra. Ráðið verður í stöðurnar frá og með 1. desember nk. eða eftir samkomulagi.

Teymisstjóri barnaverndar

Helstu verkefni

- Ábyrgð á faglegu starfi og skipulagi barnaverndarteymis
- Fagleg yfirumsjón með barnaverndarteymi
- Fagleg yfirumsjón með vinnslu mála skv. ákvæðum barnaverndarlaga
- Leiðbeinir starfsfólki barnaverndar og veitir því ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumótunarvinnu og umbótastarfi
- Ábyrgð og þátttaka í mótun verkferla, skýrslugerð og gerð starfsáætlana
- Samstarf við aðrar deildir og starfseiningar fjölskyldusviðs

Menntun og færnikröfur

- Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda, s.s. félagsráðgjöf til starfsréttinda
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla og þekking á sviði barnaverndar nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun er mikill kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og á ensku

Teymisstjóri ráðgjafateymis

Helstu verkefni

- Ábyrgð á faglegu starfi og skipulagi teymis v/félagslegrar ráðgjafar
- Fagleg yfirumsjón með ráðgjafateymi og vinnslu mála
- Leiðbeinir starfsfólki félagsþjónustu og veitir því ráðgjöf
- Þátttaka í umbótastarfi út frá stefnu sveitarfélagsins og félagsþjónustulögum
- Samstarf við aðrar deildir og starfseiningar fjölskyldusviðs

Menntun og færnikröfur

- Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda, s.s. félagsráðgjöf til starfsréttinda
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla og þekking á meginverkefnum félagsþjónustu nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun er mikill kostur.
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Frekari upplýsingar um störf

Nánari upplýsingar um störfina veitir Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, heidaosp@arborg.is, sími 480-1900. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október

Með umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, kynningarbréf, rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun velferðarþjónustu hjá sveitarfélögum. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is/>



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



Menningar-, íþróttar- og tómstundafulltrúi

Blönduósbær auglýsir laust til umsóknar starf Menningar-, íþróttar- og tómstundafulltrúa. Um nýtt starf er ræða með starfshlutfalli 80 – 100%. Tilgangur starfsins er að hafa umsjón með öllu menningar-, íþróttar- og tómstundastarfi Blönduósbæjar í góðu samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Á Blönduósi er góð aðstaða fyrir öflugt íþróttastarf og skýr framtíðarsýn fyrir styrkingu á núverandi tómstundastarfi fyrir alla aldurshópa í þessu vaxandi samfélagi á NV-landi. Hér er fjölbreytt og skemmtilegt tækifæri fyrir skipulagðan einstakling til móta nýtt starf í samstarfi við fjölmarga aðila á svæðinu. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri.

Markmið og verkefni:

- Verkefnavinna og þátttaka í stefnumótun í þessum málaflokkum.
- Vinna náð með menningar-, íþróttar- og tómstundaneftnd sveitarfélagsins.
- Umsjón og þróunarvinna með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Skjólins.
- Er tengiliður sveitarfélagsins við félagasamtök sem eru með skipulagða íþróttar- og tómstundastarfsemi í sveitarfélaginu, á grundvelli samninga.
- Vinnur í nánun samstarfi við stjórnendur grunnskóla og íþróttamiðstöðvar.
- Er tengiliður og umsjónaraðili með verkefninu Heilsueflandi samfélag.
- Verkefnastjórn við undirbúning viðburða á vegum sveitarfélagsins.
- Önnur verkefni á þessu sviði sem viðkomandi er falið af sveitarstjóra.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu, gjarnan á sviði, kennslu, tómstunda- og félagsmálafræði, eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góðir forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Reynsla og þekking af íþróttar- og tómstundastarfi.
- Mikill áhugi á velferð íbúa og hæfni til að eiga samskipti við alla aldurshópa.
- Frumkvæði, jákvætt hugarfar og hugmyndaauðgi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu. Umsækjendur af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar veitir Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri. Upphaf starfs er sem fyrst eða samkvæmt nánara samkomulagi. Umsóknum skal skilað á netfangið, valdimar@blonduos.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2020.

Er Skatturinn á eftir þér?

Nú er tækifæri fyrir metnaðarfulla og kraftmikla einstaklinga að slást í góðan hóp starfsmanna á starfsstöð Skattsins í hjarta Akureyrar

Þann 1. janúar 2020 sameinuðust embætti tollstjóra og embætti ríkisskattstjóra í eina öfluga og leiðandi upplýsinga- og þjónustustofnun á sviði skatta- og tollamála sem ber heitið Skatturinn.

Helstu verkefni og ábyrgð

Um fjölbreytt verkefni er að ræða er tengjast m.a. upplýsingagjöf um skatta-, innheimtu- og tollamál, úrvinnslu ýmissa gagna sem viðskiptavinir óska eftir, afgreiðslu erinda, ráðstöfun séreignarsparnaðar til íbúðarkaupa eða greiðslna inn á húsnæðislán og öðru er tengist verkefnum Skattsins. Um er að ræða störf á starfsstöð Skattsins á Akureyri og er starfshlutfall 100%. Á starfsstöð Skattsins á Akureyri starfa í dag 35 frábærir starfsmenn.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (lágmarksmenntun er bakkalár gráða).
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Frumkvæði og metnaður.
- Fágúð framkoma og lipurð í samskiptum.
- Jákvæðni og þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Gunnar Karlsson í síma 442-1000 eða í tölvupósti á gk@skatturinn.is

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins, skatturinn.is eða á vefsíðu Starfatorgs, starfatorg.is. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2020 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.



Sérfræðingar í ráðningum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST
Ráðningar

www.fastradningar.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



Mannauðsstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Mannauðsstjóri er ný staða á HSS og hefur yfirumsjón með mannauðsmálum stofnunarinnar og vinnur náið með forstjóra og framkvæmdastjórn. Meginhlutverk mannauðsstjóra verður að þróa og byggja upp mannauðsmál HSS og veita stjórnendum alhliða ráðgjöf á sviði mannauðsmála. Næsti yfirmaður verður forstjóri HSS.

Leitað er að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af mannauðsmálum.

Ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á að móta og innleiða mannauðsstefnu HSS og að starfsþróun innan stofnunarinnar sé í samræmi við þarfir hennar hverju sinni
- Ábyrgð á fræðslu stjórnenda og almennra starfsmanna þ.m.t. móttaka og þjálfun nýliða
- Ábyrgð á að skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi og jákvæðan starfsanda, ásamt framkvæmdastjórn
- Ábyrgð á launavinnslu og að kjaratengd mál séu í samræmi við lög, kjarasamninga og verklagsreglur stofnunar
- Ábyrgð á jafnlaunakerfi HSS
- Mannauðsstjóri er næsti yfirmaður starfsmanna mannauðsdeildar

Helstu verkefni:

- Leiðir stefnumótun og samþæfingu mannauðsmála innan HSS í nánú samstarfi við framkvæmdastjórn
- Skipuleggur mannauðsmál og stuðning við starfsmenn og stjórnendur
- Vinnur að markvissri starfsþróun í samræmi við þarfir HSS sem byggir á starfsmannasamtölum og skilgreindum starfslýsingum
- Skipuleggur menntun og fræðslu starfsmanna og stjórnenda HSS
- Styður við stjórnendur hvað varðar nýliðun, ráðningar, gerð starfslýsinga og starfslok
- Kemur að gerð stofnanasamninga og hefur samskipti við stéttarfélag fyrir hönd HSS
- Ráðgjöf og stuðningur við starfsmenn og stjórnendur tengt kjaramálum og launasetningu
- Leiðir mótun jafnréttisstefnu og umsjón með eftirfylgni hennar

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði mannauðsmála, vinnusálfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun mannauðsmála er skilyrði
- Þekking og/eða reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg
- Þekking á kjaraumhverfi hins opinbera er æskileg
- Starfsreynsla úr heilbrigðisgeiranum er kostur
- Reynsla af þátttöku í mótun og innleiðingu breytinga
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, góð skipulagshæfni og færni til að vinna í hóp
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Í boði er spennandi nýtt starf hjá metnaðarfullri stofnun. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið verður í starfið frá og með 1. janúar 2021. Umsóknarfrestur er til og með 25. október n.k. Nánari upplýsingar um starfið veitir forstjóri HSS, Markús Ingólfur Eiríksson, netfang: hss@hss.is. Sótt er um starfið á Starfatorgi eða heimasíðu HSS, www.hss.is

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Störf í blómabúð Garðheima

Í blómabúð Garðheima starfar glaðlegur hópur blómaskreyta. Þar fer fram metnaðarfullt starf í gerð blómaskreytinga af ýmsu tagi. Við óskum nú eftir tveimur blómaskreytum til að slást í hópinn til framtíðar:

FAGSTJÓRI Í BLÓMABÚÐ

Við óskum eftir fagstjóra í blómabúðina til að sjá um faglega umsjón á framleiðslu blómvanda og skreytinga.

Fagstjóri hefur yfirumsjón með innkaupum og meðhöndlun á blómum og skreytingarefni, auk almennra starfa sem blómaskreytir.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af gerð blómvanda og skreytinga, sem og menntun blómaskreytis.

Um er að ræða fullt starf.

BLÓMASKREYTI

Við óskum eftir blómaskreyti til að sjá um gerð blómvanda og skreytinga í fullt starf.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af gerð blómvanda og skreytinga, menntun blómaskreytis mikill kostur.

Garðheimar bjóða uppá störf í skemmtilegu og lifandi umhverfi sem leggur áherslu á grænan lífsstíl. Garðheimar er fjölskyldufyrirtæki þar sem starfa um 60 manns

Umsóknarfrestur er til 19. okt og sendast umsóknir á umsoknir@gardheimar.is

HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA FRÁ ÞÉR!




GARÐHEIMAR

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



HS ORKA

Reykjanesvirkjun
Forsmiði vélbúnaðar
Útboð nr. F0219-409

HS Orka hf. óskar eftir tilboðum í forsmíði á vélbúnaði vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar á Reykjanesi samkvæmt útboðsgögnum númer F0219-409.

Í meginráttum felur verkið í sér efnisútvegum, forsmíði og uppsetningu á forsmíðuðum vélbúnaði fyrir stækkun Reykjanesvirkjunar, þar með talið mælingar, flutning, einangrun og áklæðningu, suðuvinnu, prófanir og úttektir auk yfirborðsmeðhöndlunar, málningu og merkingar.

Vélbúnaðurinn tekur til tveggja milliprýstra (MP) forskilja, tveggja lágrýstra (LP) forskilja, einnar milliprýstrar (MP) dropaskilju, einnar lágrýstrar (LP) dropaskilju, allra skiljuundirstaða, fjögurra rimlaskóflusía í forskiljur, tveggja afsuðutanka auk útrása, tveggja gufustrompa, gasháfs, tveggja þéttivatnskúta, stálloka í gólfi skiljustöðvar ofan afsuðutanka og niðurfallsgrinda. Forskiljur verða staðsettar í skiljustöð en dropaskiljur í stöðvarhúsi. Forskiljur, bæði lág- og milliprýstar, eru samsettar úr lóðréttum og láréttum belgjum með vinkillögum. Dropaskiljur eru úr láréttum belgjum.

Helstu kennistærðir eru:

MP forskiljur	97 tonn
LP forskiljur	131 tonn
MP dropaskilja	14 tonn
LP dropaskilja	20 tonn
Stálbitaundirstöður fyrir MP forskiljur	4,4 tonn
Stálbitaundirstöður fyrir LP forskiljur	19 tonn
Rimlaskóflusíur fyrir MP forskiljur	2 tonn
Rimlaskóflusíur fyrir LP forskiljur	3,2 tonn
Afsuðutankar	67 tonn
Útrásir afsuðutanka	15 tonn
Gufustrompar	13 tonn
Gasháfur	2,8 tonn
Þéttivatnskútar	1 tonn
Lok í gólfi skiljustöðvar	22 tonn
Niðurfallsgrindur	1,3 tonn

